

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Ásar, sumarhúsahverfi í landi Fells.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sumarhúsabyggðar vestast í landi Fells sem nefnist Ásar. Í breytingunni felst aukning á hámarksflatarmáli aukahúsa úr 20 m² í 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Laugarás, L167381, Lauftún, garðyrkjustöð.

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sem felur í sér að skipulagi lóðar er breytt. Þremur gróðurhúsum er komið fyrir ásamt pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. desember 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.